

Fréttir frá Íslandi.

Almennar fréttir.

(Lað old, 18.—23. marz).

— Þeir komu heim á Botni á sunnudag fulltrúar Ríkisskipaflágsins, Sveinn Björnsson og Halldór Danielsson. Frá samningum þeirra um smíði skipanna hefur áður verið skýrt. Þá var og minnst á, að þeir hefðu verið í samningum við banka utan Danmerkur um lán til að smíða skipin. Þeir samningar fóru það langt komnir, er þeir fóru frá Kaupmannahöfn, að heita máttu fullgjörðir. Tvö tilbúð voru um að velja, annað frá hollenskum banka og hitt frá belgískum, harla lík. Fálur þeir Jóni Krabbe, skrifstofustjóri, að fullgjöra samninginn á láninu. Nielsen skipstjóri dvelur nú fyrst um sinn í Khöfn til þess að líta eftir smíði hinna nýju skipa.

— Hafnargjörðin: Gæðurinn út í Eðersey er nú að mestu fullgjörð, og jarnbrautarstærnar eru nú komnir alla leið frá Óskjuhlíð út í fjöruna hjá Arnarhöli, og ferður þá bráðlega byrjað á austur-skjólgarði hafnarinnar.

— Með þjálfverkfæðingsskólunni í Reykjavík verður farið svo, að Benedikt Jónsson gegni henni fram í maí. En síðan tiltektunin, að fá Guðm. Olsen kaupm. til að gegna slökkviðstöðjastarfi og Hjört. Hjartarson, byggingafræðingur, starfið og láta þá við lenda þetta ár.

(Lögrétta, 1. apríl).

— Sígu-lakniskrá er auglýst laust og umskónarfrættur til 15. júní næstkomandi. Laun 1500 kr.

— Ólafur hreppstjóri Eggertsson í Krókshöfðunni hefur gefið hælunni á Vífilsstöðum 200 kr. til minningar um konu sína, þurfið G. Rúnólfsdóttir.

— Úr V-Skattafélagssýslu er rituð, að þá stöð tís og auðgjörð.

— Frá Stokkseyri er skrifað 25. marz: „Um þessar mundir er verðlun á Stokkseyri 25. ára, og á þessum árum er kaupmáttinn óþróttis upp svo að segja algjörfleg. Ágætisalið þar hér 5 daga í röð um og fyrir síðustu helgi. Fekst fiskurinn bæði í net og á löf, bæði þorskur og ýsa. Nokkuð fíkt líka af hrisi í borskaneti, Tíðarfarir til landsins má erfið heita, og er talað um, að mjög tæpt standi með heybergjum í ýmsum sveitum. Fénabárhöld munu eigi heldur vera nærri göð allstafa, og kemur það af kraftleysi í fótirinu, sem von er eftir annað.

— Vinnuteppa í Hafnarfirði. Þó stendur yfir mikilið út af útsvari Bookless útgjörðarmanns hins engelska. Það hafði verið sett 3000 kr., en var í fyrri 750. Vildi hann fá einhverja lakkun á þessu, en því hafði verið neitað. Lát hann þá hætta allri vinnu hjá sér í fyrradag, og var í gærkvöldi engin miðlun komin á málið. Bookless hefur haft mjög mikinn atvinnurekstur í Hafnarfirði og á þar nú miklar eignir í húsum og tækjum, sem aðveiðiskap láta.

— Tveir botnvörpungar voru teknir af Fálkaum nýlega og sektaðir í Vestmannaeyjum, annar franskur, Rognvald, um 1500 frk., en hinn þýskur, H. H. Meier, um 1200 frk. Afli upptækur hjá báðum.

— Hera, vélakipið, sem Gardar kaupm. lét smíða hér á ár, hefur verið leigð til flutningsáætla eftir áætlan um Breiðfjörð á komandi sumri, en „Varanger“, sem á undanförunu hefur annast þar ferðir, er nú haldið út til fiskeveða. Herra Sem. Halldórsson, kaupm., úr Stykkishólmi, hefur verið hér um tíma og samþ. um leigu á Hera. Hún er fallleg skip og af líkindum vel löguð til þessara ferða. Í gær fór hún meðan til Hafnarfjarðar reynsluför og með henni eigandiinn og margir fleiri. Var þar glatt

á hjalla. Meðan staðið var við Hafnarfirði, bauð Gardar kaupm. öllum, sem á skipinu voru, upp á hótelið þar. Flutti hann þar með lósti því, hvað fyrir sér hefði vaknað, er hann lét smíða þetta skip, og talaði í því sambandi um samgöngumál landsins á sjó yfirleitt. Kvað okkur ekki að eins þurfa að eignast stór skip til vöruflyttinga milli Íslands og annara landa, heldur einnig smærri skip til styttri ferða meðfram ströndum landsins. Var fjórður að þessu göður rómur og tóku ýmsir fleiri undir það og óskuðu skipinu til heilla.

(Lögrétta).

— Úr Arnessýslu er skrifað þann 10. marz: „Ásgeir Blöndal héraðslaknir á Eyrbakka hefur nú bestist „lausnar vegna helsubunnar, þar sem hann hefur verið sjúkur frá því í fardögum síðastlið, og orðið að láta gjöra á sér holskurð. Er þess ekki að vanta, að hann hafi lengur að leggja á sig það erfið, er fylgir því, að þjóna svo fjölmennu lakniskrá, en mjög er hans saknað af Arnessingum.“

Héraðsbúar í Eyrbakka lakniskrá eru nú í undirbúningi með að skora á landsstjórnina, að veita Konráði lakni Konráðssyni héraðslaknir. Hefir hann í vetur þjónað héraðinu fyrir Ásgeir Blöndal og getið sér hinn besta orðast. Hafa þegar, að minsta kosti, tveir þriðju hlutar bændna í héraðinu skrifað undir áskorunina, og er óhætt að fullvita, að þeir verða fáir, sem ekki verða með. Héraðsbúar vanta þess, að farið verði eftir áskorun þeirra, eins og gjört hefur verið annarstaðar. Vanta menn þess, að Konráð verði settur laknir frá 1. apríl næstkomandi, er Blöndal fer lausn, og látið síðan veltingu í sumar eða haust.“

— Úr Rangárvallasýslu er skrifað 8. marz: „Harðindi hér allt af þau sömu. Kvíðahljóð í mönnum viðvegar, í þessu heldur áfram. Kast þetta nú búið að standa í 6 vikur, og flestir hafa orðið að gefa öllum sínum skepnum. Er þetta einkar tilfinnanlegt eftir jafn óhagstætt sumar, sem síðastliðið sumar var.“

— Sigfús Blöndal, kand. mag., sem verið hefur lengi aðstoðar-bókavörður við konunglega bókasafnið í Khöfn, er nú orðinn þar reglulegur bókavörður.

— Hannes Jónsson, búfræðis-kandidat, hefur tekið fyrir hluta dýralaknisskrófs á Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn með ágætiseinkun.

— Þann 13. þ.m. druknaði hjá Stokkseyri Jón Bógvarsson, áður bóndi í Dagverðarnesi á Rangárvöllum. Hafið verið að baða sig þar í sjó, og fannst líkið nakið þar á sandinum.

— Hettusótt segir Visir að gangi í Skagafirði og liggi flestir nemendur Hólaskóla í henni.

— Afli er nú sagður með mesta móti á Stokkseyri og Eyrbakka.

— Botnvörpungar við Vestmannaeyjar. Þeir hafa verið þar mikilið í landhelgi nú undanfarna daga. Til eins hafa Eyjamenn náð, og var hann sektaður um 1500 frk., og afli og veifarari upptækt. 14 botnvörpungar hafa Eyjamenn kært, þar á meðal 2 íslensk.

— A Patreksfirði druknaði í fyrradag Sveinbjörn Sveinsson kaupm. og annar maður með honum. Þeir voru á leið út í botnvörpung, sepa þar lá, og fylti bát þeirra við skipshlíðina.

— Tíðin nú að undanförunu er óvenjuleg á Suðurlandi, allt af stillur og bjartvísni, með litilli sólbráð um miðjan daginn, en hvítt er enn yfir að sjá af snjó.

— Tveir botnvörpungar hafa nýlega strandað við Reykjanes, annar franskur, „Imbrim“, við Míð-

nes, og náði „Geir“ honum út, ekki meira skemduð en svo, að hér verður gjört við hann, svo að hann er einfar heim til frekari viðgjörðar. — Hinn er þýskur og heitir „Lambert“, frá Bremerhaven. Hann fór upp rétt hjá Garðs-skagavita og hefur ekki náðst út enn, en vonlaust kvað þó ekki vera, að hann bjargist. — Mannskapur hafa engir orðið við þessi strönd.

— Dáin er á Stokkseyri 20. þ.m. ekkjan Margrét Gísladóttir, móðir Jóns Pálssonar Landebankagjaldkera og þeirra bræðra, 84 ára gömul, merk kona sögð af þeim, er hana þektu.

— Aðabróðir eru í besta lagi nú hér við „Suðurlandi“. Botnvörpungarnir hafa komið inn með göðan afna, nú síðast „Maj“ með 30 þús. og „Skúli fögeti“ með 40 þús. Skútur, sem inn hafa komið, hafa einnig haft göðan afna, t.d. „Björn Ólafsson“ 8000, og inn til Hafnarfjarðar kom ein af skútum um þaðan með álka mikinn afna. Á Eyrbakka og Stokkseyri hefur verið mokaflí, einsof hér suður með nesjunum, og frá Sandi á Snæfellsnesi er líka sama sagt.

Ferð Erlings Pálssonar, sundkonungs Íslands.

London, 16. febr. 1914.

Þennan ferðapítill hefi ég ritað og sent Visi, til þess að menn sjá hvernig mér gekk ferðin til London og gjöri og mér far um að lýsa öllu svo vel, sem mér er unt, svo ljóst verði, hvað slíkar ferðir hafa í för með sér.

Þann 26. janúar lagði ég af stað frá Reykjavík með botnvörpungum um Skallagrimmi. Eg fór um borð kl. 9 um kveldið. Voru hásetar þá að búa allt sem best undir ferðina, festa allt, sem laust var og setja strengi kringum skipið, mönnum til hjálpar, ef þá ætlaði að taka úthverfið. Svo var haldið af stað skömmu eftir miðnætti, var þá komið hjúk og stormur. Veðrið versnaði eftir því sem leið á nótt, og lét sjórinn ekki sitt eftir liggja. Kl. 6 um morguninn breyttist vindstaða, gekk í útsúður með dimmum eðjum og ósarakli. Hríkti þá og hvein í strengjum og stöðum, og voru Egisdætur mikillenglegar að sjá og reyna. Skipið var hlaðið mjög, og ekki furða, þótt því væri hlaðið hún af brotsjónum þeim, er skulu yfir skipið. Í dögum þann 27. vaknaði ég við það, að eg tókst á loft í rúminu og slóst við þilið fyrir önd mig; valt eg nærri fram úr kletunum, sem eg lá í, því eg hafði ekki lokað honum. Diskar, hmlar og alt, sem laust var, flaug um allt einsof skæðadrifa. Eg var óvanur slíkum látum, fór öfan á gólf og skimaði dálítið í kringum mig, — sé eg þá, að sjór féll yfir skipið, — það lá í sjó, þá var dregið af hraða þess, og hafði það sig þá upp aftur. Var nú haldið áfram um stund, en ekki slótið veðrinu. Taldi skipstjóri þá ekki lengur fært að halda áfram og hélt til Vestmannaeyja. Þar va Snorri góði fyrir ástund fleiri skipum, er lór 10 tímum á undan Skallagrimmi áleiðis til Englands. Í Vestmannaeyjum biðum við 16 klukkutíma.

Þann 28. var farið þaðan og var þá heldur lýgnara en áður. Jafnskiótt sem út fyrir þar kom, hófst sami hryssingurinn og fyrri. Allir reiknuðu, sem væru þeir blindfólkur. Öllu var lokað, því ella fýltist allt sjó, og nærri má geta, að loftið var ekkert sælgætt. Í þessu ástandi vögguðumst við áfram þann 29. og 30. um öldurnar, sem risu og féllu með þungum og drygnandi bótaföllum og háum hljónum.

Þann 31. kl. 7 um kveldið sáum við Súlskersvita glampa gegnum þokuna og myrktíð. Súlskersviti er á kletti í hafi langt fyrir sunnan Orkneyjar, og höfsum við þá verið 55 klukkutíma, þangað frá Vestmannaeyjum. Aðfarandi þess 1. febr. síðdum við inn í Pettlandsfjörðinn. Við myndi fjarðarinn er stór og fallgur víti með rafmagnslýsnum. Um leið og skipið rendi framhjá honum, sló hann svo skerum glampa frá, sér að nærri var lestrarbært, og var þó fjúk.

— Þegar inn á fjörðinn dró, sá til hægri handar flóra í ljós frá skoðu þorpi, en til vinstri handar sá í ljós frá Orkneyjum. Ferðin gekk fremur seint yfir Norðurljósin, vegna strauma og sterkra mótvinda. Kl. 10, 2. febr., fórum við inn í Humber-fjórðið og sigldum rétt hjá tangunum, þar sem Egill Skallagrimsson strandaði og braut skip sitt í spón. En það varð til þeirrar ógæfu Agli, að hann lenti í klóm Eiríks blöðsaxar og Gunnhildar konungamóður, og varð að yrkja hún fraga kvæði „Höfuðlaun“ sér þvert um geð fyrir orð vinar síns, því að um lífið var að tæla. Á tanga þessum eru hervirki brek, og geta þeir varnað þaðan skipagöngum um flóann og hið mikla sund og langt út í Norðursjó. Kl. 11 komum við að kvinni í Grimsby, en urðum að bíða þar um tíma, því hún er lokuð um fjöru, svo hún tæmist ekki, en opin um flóð, svo sjór geti runnið í hana.

Þegar tími var til kominn, fórum við inn í kvína og var hún nærri full af skipum. Í þeim ölatum, þegar botnvörpungar eru að bruna út og inn, með blæstri og allskonar usla, er hreinasta furða, að ekki skuli hljótaf af áreksstrar eða önnur slys. Í Grimsby var eg í 2 daga, og þar hitti eg Einar Pétursson, hann var þar við reykhus. Hann gaf mér utanaskrítt til Bj. Bjarnasonar, sem þá var í London. Eg skrifaði Bjarna strax og það hann að taka á móti mér daginn eftir við jarnbrautarstöðina Kings Cross. Þriðja daginn, sem eg var í Grimsby, fór eg með hraðlest til London. Eg var á leiðinni fjóra klukkutíma, og svo langt, sem augað eygði, sáust akrar, skógar og raktuð betillönd, — hvergi órekskrau blettur.

Mér kom til hugar, að gaman væri að hafa skifti við fón gamla Bola á nokkrum fjöllum, en fá aftur í staðinn göða spílu af ökrunum og skógunum hans.

Þegar eg kom til Kings Cross, var þar yfirgæfandi þróng af allskonar fólki, og bæði hestavöngum og bifreiðum til að aka fólkinn út um borgina. Eg litaði um þar dálitla stund eftir Bjarna, en sá hann ekki, svo mér kom til hugar, að hann væri einhverra hluta ve-na ekki farinn að fá breðið frá mér, og sneri mér til eins af jarnbrautarþjónum, og það hann að vísa mér leiðina þangað, sem eg ætlaði að fara. Hann tók töskuna mína og við lögðum af stað, en því augnabliki sá eg Bjarna.

Eg þakkaði aumingja þjónum fyrir ómaklið, sem var svo göður og gestrisinn, að mér laust eg vera kominn austur í Skattafélagssýslu, en fór með Bjarna. Þegar heim kom til hans, bannaði kerlingin honum, sem hann leigði hjá, að fara með nokkrum útlending inn í hús, en ef hann gjörði það, bryti hann húsgætlurnar og yrði að borga 6 shillingar sekt. Bjarna hafði aldrei líkað vel við kerlu, því hún var bæði ljót og leifðin, en með þolinmæði sinni og mikilli andlegri áveynslu, hafði hann leigt hjá henni, — mig minnir í 5 daga or. ætlaði að reyna að vera þar vikuna út, en nú þóði hann ekki lengur máttið, og brást réður við og fór þaðan, og það má skollinn vita, nema hann hafi lagt á kerlinguna, eða gjört henni eitthvað til mikla í staðinn. Svo tókum við okkur saman herbergi til leigu og gjörðust þar engin tífinni.

Daginn eftir ætlaði eg að finna William Henry, skrifara hins konunglega björgunarfélags, en hann var ekki heima, en mér var sagt að hann kæmi eftir nokkra daga.

Þá sneri eg mér til J. P. Mullers, höfundar Mullers-efnganna, sem allir þekka. Hann tók mér vel og gaf mér meðmal til hins konunglega björgunarfélags, og gjörðist eg svo meðlimur þess, og líkar þar vel. Þar kenna t.d. einn „crawl“, annar dyfingar osfrv.

Sundlaug félagsins er opin á hverjum degi, og svo koma allir meðlimir þess saman einu sinni á viku, og er þá áfalla að björgun og dyfingar.

Svo æla þar 2 önnur félög og hafa þau boðið mér að taka þátt í æfingum með sér, og hefi eg þegði það. Englendingar leggja mikinn tíma og mikla peninga í sundlistina.

Í þessum félögum, sem eg hefi talað um, hafa þeir fengið fyrir keisnara og umsjónarmenn alla þá




ROYAL HOUSEHOLD FLOUR

Brúkaðu

Ogilvie's Royal Household Flour

Þegar þú brúkar Ogilvie's Royal Household Flour þá ertu viss um að fá gott brauð. Það er æfinglega jafngott og betra en nokkurt annað mjöl.

Í gott brauð, písa, kökur, og alskonar smábrauð. Það er meira selt af Royal Household Flour í vesturluta álfunnar en af nokkru öðru mjöli. Bíðjið þér matvörsulann um ROYAL HOUSEHOLD.

The Ogilvie's Flour Mills Co., Ltd.
Medicine Hat, Winnipeg, Fort William, Montreal

bestu, sem þeir hafa getað fengið. Til dæmis hefur Hjalmar Johansson, samski sund- og dyfninga-garpurinn, sem vann konungs-bikarinn 1908, umsjón bæði með sundi og dyfningum.

Hann tók mér ágætlega vel, og sérstaklega fannst mér það eftirtektavert, að í fyrsta sinni og við samst, fór hann að spyrja mig um Ísland, og tala um, hvað það væri gaman fyrir okkur, að tala þá tungu, sem hefði verið töluð um öll Norðurlönd í fornöld.

Út öllum íþróttum held eg að Englendingar fíki mest sund og knattspyrnu (fótbolta), og virðist almenningur fylgjast vel með í þróttamönnum.

Eg sá nýlega knattspyrnumót milli beita knattspyrnufélagsins á Norður-Englandi og hins beita í London. Norður-Englendingar skorðu á hina. Ög áhorfendurnir voru huglaugnir og fylgdust t.d. vel með hverri hreyfingu íþróttamanna, svo unnu var að.

Til dæmis einu sinni voru Norður-Englendingar komnir fast, að markinu hjá hinum, og knötturinn var margsinis gripinn af manningum, sem varði markíð, þá var einsof allir ætluð að sleppa sér, sumir héldu niðri í sér andanum, en aðrir stóðu upp, grénjuðu, blístruðu og létu öllum illum látum.

Hér er allt af nóg að sjá og heyra, og ætíð að lýsa London vel og nákvæmlega, öllum hennar háttum og auðfæm, væri það eini í margar bækur.

Mér líður vel, hefi gott takifari til æfinga og hefi ekki orðið fyrir slysum eða öðru þvilkum, og enda eg þar með þessum línum og hið menn að taka vöðum fyrir verk.

Erlingur Pálsson.

Um Sunnlendinga á miðri 18. öld.

Til gamans og íróleiks birtist hér í þýðingu stuttur kaflur úr hinna nafnkunnu bók Eggerts Ólafssonar um ferð hans og Bjarna landlæknis Pálssonar um Ísland á árunum 1752—1757. Eins og kunnug er, er bók þessi eitthvert merkasta og margþeyttasta verk, sem um Ísland hefur verið ritað, og er enn ómissandi heimildarrit um íslensk eini á flestum sviðum. Bókin kom fyrst á dönsku (Reise igennem Island, Sorö 1772), að Eggerti látnum, en síðan á þýzku og írönsku. Á íslensku hefur bókin aldrei komið, og svo lítið hefur verið þýtt af henni á hinum málunum, að hún sért nú yarla nema í bókasöfnum.

Kaflinn, sem hér er þýddur, er um lyndiseinkun Sunnlendinga: „Að lyndiseinkun eru líður Suðurlands næsta öllkir. Innbornir í menn í Gullbringusýslu eru eins og Kjósarsýslubúar (1), og menn sem þangað flýttast frá Norðurlandi eða annarstaðar að, valdi ekki néinnun stakkaskiftum í þessu efni. Alltínesingar, eða þeir, sem eiga heima nálægt Bessastöðum, eru taldir vöndir menn; þó á það ekki við um alla. Bandurnir í héra-

1.) Um þá hefir hann áður ritað m.a., að ekki verði sagt um þá, að þeir séu glaðlyndir. Þeir megi fremur heita sefnlátir og ómannblendnir og láti sig lítil skifta annað en það, sem lýtur að atvinnu þeirra.

aðinu kringum Skálholt, eru sagðir einna verstir; þó kenna þar meir vesalmensku og ruddaskapar en mannsplillingar. Það er annars alment á Suðurlandi, eins og í öðrum landsfjórðungum, að þeir eru taldir spiltastir og dugminstir, sem heima eiga nálægt höfnum þeim, er útlend skip vitja. Orsök in til þess er sú, að þeir lera af kaupföðum miklu meira ílt en gott. Lífern gömlu manna eiga óreglulegt og að sumu leyti óhöflegt, og upplíð æskulýðsins fer eftir því. Þó verður því ekki neitað, að til sé innanum dagott fólk, bæði meðal sjúflra íbúanna á þessum stöðum og eins meðal kaupmanna. Íbúar Eyrbakka þykja annars af þeirri ástæðu vera aðrar og tuddamenn. Þar eru líka samankomnir margvíslegir menn á litlu svæði, í þorpi, sem er ein stór kyrkjusókn, þar eru 19 stórar jarðir, — og á hverri öf fleiri en ein fjölskylda, sem 3 til 4 — og 90 smábli, að meðtöldum hjáleigum og þurrabúðum (2). Vælanarstaðurinn er einn af hinum stærstu, þar hefi þangað sést segur af Suður- og Austurlandi (3). Langmest er þar verlað með þá, ísl, sem slatrað er, saltað og þett, tunnur og flutt til Kaupmannna, hafnar. Til þessara slátrunar, leiga kaupmennirnir fjöldi á Eyrbakka, oftast einn af hverjum bæ í kring. Þessir slátrarar hafa meir með sér undirlyllur, hver af sínu heimili, einkum konur og börn; og er þessi vinnu eitthvert mesta söðaverk, sem íbúarnir taka sér fyrir hendur. Einkum er þetta lítil gróði ungum mönnum til siðsæða og göðs framferðis, því að her veitast venjulega allt af göð takifari til að lera ýmsa ókynnti, svik, illvæði, blót og drykkþskap.

Fyrir ölan Eyrbakka liggur sveitin Flói. Það orð fer af fólkinn þar, að það reidi ekki vítið í hverpukum. Því, það er kallað í gamni Flóafli. En í þessu er þeim gjört rangt til og Austlendingar, og þetta orð hlýtur að hafa myndast við eitthvert sérstakt takifari, því að eigi verður þess vart, þegar talað er við Flóamenn, að þeim sé frekar vitsmuna vant en náðum þeirra. Semmestast er, að þessi ásköun sé spröttin af því, að þeir eru blátt áfram í framkomu. Þeir koma líka sjálfan út úr héraðinu og ferast öll, nema til kyrkju, því að sveitin gefur af sér allt, sem þeir þurfa til víðurvaris, að undanteknu litlraði, sem þeir flytja að, sumpart frá náðum sínum, sumpart frá kaupmönnum. Loka getur hafa stuðlað að þessum orðrómi átt atriði, sem flóamenn eiga sammerkt í við Skattafellaga. Þeir nota ýms orð og talsheiti, sem ekki er notað annarstaðar, þó að flest af þessu sé bæði gamalt og rött. En fyrir þetta eiga þeir skilið mikli lof, og það því fremur, sem ekkert bygðarlag nálægt höfnunum á Íslandi hefur varðveitt tunguna svo hreina og óbreytta sem Flóinn. Rangveingar mega teljast með lögnlegasta fólkinn í landinu. Þeir eru sparsamir, ifnir og bændur göðfir, og jafnfraamt greiðveir og þrúfir í framgöngu. Í þeim hluta Arnessýslu, er nefnist Hrepparnir, milli Þjórsár og Heitar, er einnig þrútt fólk og göðfir búmenn.“ — (Suðurland).

2.) Hér á Eggert verið allan Stokkseyrarhreppinn hinna forna.

3.) Til Austurlands telur hann Skattafélagssýslu.